



Æðri máttur

Greinargerð með kennslubók og kennsluleiðbeiningum

Kolbrún Hauksdóttir
Sigrún Sjöfn Ámundadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Æðri máttur

Greinargerð með kennslubók og kennsluleiðbeiningum

Kolbrún Hauksdóttir

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Gunnar J. Gunnarsson

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Æðri máttur

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennarafræði við Kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Kolbrún Hauksdóttir og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 2014
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi
höfundar.

Prentun: Bóksala Menntavísindasviðs
Reykjavík, 2014

Ágrip

Þessi greinargerð er hluti af lokaverkefni til B.Ed. gráðu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Lokaverkefni okkar var að útbúa kennslubók fyrir 4. bekk grunnskóla ásamt kennsluleiðbeiningum sem innihalda hugmyndir að fjölbreyttum og skapandi verkefnum. Bókin er hugsuð sem tenging á milli yngsta stigs og miðstigs grunnskólanna. Tilgangur verkefnisins er að kynna fyrir nemendum megineinkenni helstu trúarbragða heimsins ásamt því að auka þekkingu þeirra á nokkrum helstu trúarbrögðum sem iðkuð eru í heiminum í dag. Við teljum mikilvægt að allir þekki sem flest trúarbrögð, siði og venjur til þess að komast hjá fordómum sem oft má rekja til vanþekkingar. Með bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar en í þeim má finna hugmyndir að skemmtilegum verkefnum sem kennari getur stuðst við og vakið áhuga nemanda. Við gerð námsbókarinnar og kennsluleiðbeininganna var fjölgreindarkenning Howard Gardners höfð að leiðarljósi ásamt flokkun kennsluáðferða eftir Ingvar Sigurgeirsson. Uppbygging bókarinnar er þannig að aðalsögupersónan er tíu ára gömul stúlka sem ferðast um heiminn með fjölskyldu sinni til þess að kynna sér helstu trúarbrögð og menningu heims. Hún segir frá fimm helstu trúarbrögðum heims ásamt hinni norrænu ásatrú. Hún kynnir lesendum fyrir helstu guðum trúarbragðanna ásamt tilbeiðslu þeirra, athöfnum, fríðögum, hátíðum, helgiritum, guðshúsum ásamt fleiru sem tilheyrir hverri trú fyrir sig. Í lok hvers kafla vörpum við fram spurningum sem nemendur geta leyst til þess að festa efnið betur í minni eða sem kennarar geta notast við til að skapa umræður um efnið. Við teljum að með þessari bók fái nemendur grunnþekkingu á trúarbrögðum heimsins sem gæti nýst þeim til að skilja undirstöðu menningu hinna ýmsu landa.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Stutt lýsing á verkefni	7
2.1 Rökstuðningur fyrir vali á viðfangsefni	8
3 Umburðarlyndi.....	9
4 Kennsla trúarbragða í skólum	11
4.1 Kennslulegar og fræðilegar forsendur trúarbragðafræðis.....	13
5 Kennsluleiðbeiningar	16
6 Niðurlag	18
Heimildaskrá	20

Formáli

Höfundar vilja koma sérstökum þökkum á framfæri við Kristinn Hauk Guðnason sagnfræðing fyrir hans yfirlestur og innlegg í verkefnið ásamt Ingu Margréti Skúladóttur kennara, og Rögnu Sigurðardóttur kennara fyrir yfirlestur verkefnisins. Ásamt því viljum við þakka Katrínu Sigurðardóttur og Ragnheiði Guðmundsdóttur fyrir ómetanlega hjálp og góðar hugmyndir við gerð verkefnisins. Þá viljum við þakka Samúel Halldórssyni fyrir myndskreytingu bókarinnar. Að lokum viljum við þakka fjölskyldum okkar fyrir skilning og umburðarlyndi á meðan á verkefnavinnunni stóð.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálf(ar/ir) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, _____._____ 20__

1 Inngangur

Heimur margbreytileikans er sú staðreynd sem við lifum í nú til dags. Við upplifum nýjar breytingar á hverjum degi og er því heimurinn stöðugt að þróast og breytast, því þurfum við að hafa góða aðlögunarhæfni til þess að aðlagast nýjum hlutum fljótt. Sama á við um trúarbrögð og menningu, en mismunandi menning og trúarbrögð tíðkast út um allan heim. Ísland er engin undantekning og er landið alltaf að opnast fyrir nýjungum. Fleiri aðfluttir einstaklingar hafa komið til landsins sem þýðir að ný menning og jafnvel trúarbrögð fylgja með. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands þann 1. janúar 2012 voru 25.442 innflytjendur á Íslandi. Með þessum innflytjendum eykst sá fjöldi þeirra sem aðhyllast önnur trúarbrögð en tíðkast hér heima ásamt því sem mikil breyting hefur orðið í þjóðfélaginu hér á landi hvað varðar hlutfallslega fækkun í þjóðkirkjunni en hún er hluti af kristinni trú sem er ríkjandi á Íslandi í dag.

Trú og trúarbrögð hafa fylgt okkur frá upphafi og eiga eftir að gera það um ókomna tíð. Og til þess að allir geti lifað í sátt og samlyndi í fjölbreyttu samfélagi þurfa íbúar landsins að vera umburðarlyndir og gera sér grein fyrir því að trúar- og lífsviðhorf geti birst í hinum ýmsu myndum á borð við siði og venjur. Til þess að skilningur ríki á milli mismunandi trúarhópa er mikilvægt að fræða nemendur um lífsviðhorf og siði hvers annars. „Menningarlegt læsi er mikilvægur þáttur í menntun hvers einstaklings. Þekking á kjarnaatriðum og merkingu trúarbragða heimsins er því hluti þeirrar almennu menntunar sem nauðsynleg er nú á dögum” (Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir, Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir og Guðrún Edda Káradóttir. 2009. bls. 176)

2 Stutt lýsing á verkefninu

Í þessari greinargerð ætlum við að fjalla um kennslubók okkar, *Æðri mátt*, en hún fjallar um 10 ára stúlku sem heitir Amanda Ísabella og ferðast um heiminn með foreldrum sínum og systkinum til að kynna sér helstu trúarbrögð heims. Farið verður í helstu atriði sem tengjast einkennum trúarbragðanna ásamt spurningum sem verða til í lok hvers kafla fyrir sig. Við bjuggum einnig til kennsluleiðbeiningar með bókinni en þar eru mörg fjölbreytt verkefni sem hægt er að vinna með í gegnum leik og því ætti enginn að vera út undan. Þá komum við með uppástungur að kveikjum og hópaskiptingu því þessir hlutir geta oft vafist fyrir kennara í verkefnum sem slíkum.

Þessa kennslubók höfðum við hugsað fyrir nemendur í 4. bekk grunnskóla til þess að dýpka og auka þekkingu þeirra á helstu trúarbrögðum heims. Við teljum hana geta tengt saman bækurnar *Trúarbrögðin okkar* sem kennd er á yngsta stigi við þær bækur sem kenndar eru á miðstigi. Bókin *Æðri máttur* fer dýpra í hver trúarbrögð fyrir sig en bókin *Trúarbrögðin okkar* og er því gott framhald af henni til þess að dýpka skilning enn betur hjá nemendum. Því teljum við hana vera góðan undirbúning fyrir nemendur áður en farið er í hefti sem kennd eru um trúarbrögð á miðstigi..

2.1 Rökstuðningur fyrir vali á viðfangsefni

Við völdum okkur þetta viðfangsefni vegna þess að okkur fannst við þurfa að fræðast enn betur um trúarbrögð heimsins til þess að geta miðlað þekkingu okkar betur til nemenda þegar við hefjum kennslu á þessu sviði. Við teljum að trúarbragðafræði sé flókin og mikilvæg kennslugrein sem verður oft útundan í skólum landsins. Trúarbrögð er hluti af siðum, venjum og viðhorfum fólks og endurspeglast oft í hegðun þess og því teljum við mikilvægt að nemendur þekki helstu einkenni trúarbragða til þess að komast hjá fordómum og geti þar af leiðandi borið virðingu fyrir hinum ýmsu venjum og siðum sem bekkjarfélagar þeirra gætu iðkað.

„Grunnskólalög kveða á um að skólinn skuli stuðla að alhliða þroska einstaklinganna og hlýtur trúarlegur þroski að vera þar á meðal. Trúarlegur þroski verður ekki nema með því að fást við trúarleg viðfangsefni. Skólanum er ekki ætlað trúarboðshlutverk heldur er honum ætlað að miðla þekkingu og reynslu og auka skilning sem getur með öðru orðið grundvöllur að persónulegri afstöðu og stuðlað að umburðarlyndi í trúarlegum efnum” (Sigurður Pálsson. 2001. bls. 147). Markmið okkar með skrifum þessarar bókar er því að nemendur kynnist helstu trúarbrögðum heims og þeirra lífsskoðunum ásamt helstu athöfnum, helgiritum og guðsþjónustum á þann hátt sem nemendur skilja. Þá ættu þeir frekar að geta borið virðingu fyrir sérkennum hverrar og einnar trúar fyrir sig. Við teljum það vera forsendu fyrir því að allir geti lifað í sátt og samlyndi og komast hjá óþarfa árekstrum á milli einstaklinga t.d. í skólum landsins.

3 Umburðarlyndi

Oft hefur verið reynt að skilgreina trúarbrögð án þess að sameiginleg niðurstaða hafi fundist. „Lífsviðhorf og trúarbrögð mannkyns og guðsdýrkun er svo fjölskrúðugur urtagarður að öll einföldun orkar tvímælis. Auk þess birtist hið trúarlega með svo fjölbreytilegum hætti í lífi einstaklinga og samfélaga að erfitt getur reynst að segja til um það með nokkurri vissu hvar hið trúarlega endar og hið veraldlega tekur við”. (Sigurður Pálsson. 2011. Bls. 37) Í bókinni *Börn og trú* eftir Sigurð Pálsson gefur hann okkur þrjár ólíkar skilgreiningar en dæmi um þær eru:

1. Trúarbrögð eru trú á yfirnáttúrleg öfl, persónuleg eða ópersónuleg, sem menn telja sig háða, reyna að vinna til fylgis við sig og leitast við að nálgast. Þessi trú birtist í hugsun, tilfinningum, viljalífi og atferli manna.
2. Það sem maðurinn lætur sig varða með íttrustum hætti er átrúnaður hans.
3. Trú er hvaðeina sem við gerum sem einstaklingar til að takast á við spurningar sem mæta okkur vegna þess að við erum meðvituð um eigið líf og annarra og vitum að við eigum að deyja, þ.e. tilvistarspurningar.

„Allt frá fyrsta degi eru börn undir áhrifum þess menningarlega umhverfis sem þau alast upp í og fyrst og fremst undir áhrifum þeirra einstaklinga sem skipta barnið mestu. Í þessu sambandi má tala um fjölskyldumeningu eða upprunameningu sem felur bæði í sér mynd af því menningarsamfélagi eða uppeldið fer fram í en jafnframt sérstaka menningarþætti sem eru einkennandi fyrir viðkomandi fjölskyldu svo sem trúar- og lífsskoðanir” (Sigurður Pálsson. 2011. Bls. 67-68). Allir eiga rétt á því að trúa á það sem þeir vilja og við verðum að sýna fólki umburðarlyndi gagnvart þeirra skoðunum, siðum og venjum. Allir hafa rétt á að koma sinni skoðun og trú á framfæri við aðra. En þar með er ekki sagt að sá hinn sami þurfi að hafa sömu skoðun á hlutunum. Því verður fólk með ólíkar trúarskoðanir að vera sammála um það að vera ósammála, því við lifum í fjölmeningarsamfélagi þar sem allir hafa tjáningarrétt upp að vissu marki, en það má ekki særa neinn með áróðri eða óæskilegri framkomu og því fylgir tjáningarfrelsi ábyrgð. Sumir geta þó ekki gætt hófs í útbreiðslu sinnar trúar og upphefja hana en um leið lítilsvirða skoðanir og trú annarra einstaklinga í

samfélaginu. Það er mismunandi hvernig iðkendur trúarbragða koma sínum lífsskoðunum á framfæri við almenning. Sumir ganga hús úr húsi til þess að bera út boðskap sinn á meðan aðrir láta fólkið koma til sín (Sigurður Pálsson, 2007).

Samkvæmt 18. og 19. grein í mannréttindasáttmála *Sameinuðu þjóðanna* segir að „allir skulu frjálsir hugsana sinna, samvisku og trúar. Felur sá réttur í sér frelsi til að skipta um trú eða sannfæringu og enn fremur frelsi til að rækja trú sína eða sannfæringu einslega eða með öðrum, opinberlega eða í einrúmi, með boðun, breytni, tilbeiðslu og helgihaldi” og að „allir skulu frjálsir skoðana sinna og á því að láta þær í ljós. Felur sá réttur í sér frelsi til að hafa skoðanir óáreittur og að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra”. Með þessu sjáum við hversu mikilvægt er að fræða nemendur til þess að komast hjá fordómum eða jafnvel ofbeldi sem oft á sér stað af trúarlegum ástæðum. Því að trúin er virkt ferli sem breytist við breyttar aðstæður þar sem lífsmáti sem á rætur að rekja í viðhorfum og þekkingu mannsins og í raun mótast sjálf mannsins þá í þessu virka ferli (Sigurður Pálsson, 2007).

Í lögum um grunnskóla kemur fram að „hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi” ásamt því að „grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri hvatningu til menntunar og þroska” Með þessu er grunnskólinn ábyrgur fyrir kennslu nemenda í trúarbragðafræði og að fræða nemendur um hinar ólíku lífsskoðanir fólks sem birtist í menningu þeirra og siðum út um allan heim.

4 Kennsla trúarbragða í skólum

Eins og fram kom hér að ofan er kennsla trúarbragða flókin, en að okkar mati verður að passa hvernig kennsla fer fram. „Í lýðræðisþjóðfélögum er talið að aðall menntunar sé fólgin í því að hún haldi í heiðri opna, vitsmunalega og gagnrýna hugsun. Þetta krefst þess að ekkert sé haft fyrir satt nema það eitt sem hægt er að færa sönnur á eða styðja sterkum rökum. Það felur í sér að skólanum er ætlað að vera hlutlaus um álitamál. En jafnvel þótt þetta sé viðurkennt má eftir sem áður spyrja hvernig þetta hlutleysi skólans er skilgreint og hvort þetta sé mögulegt í raun” (Sigurður Pálsson 2011. Bls. 55). Samkvæmt aðalnámskrá grunnskólanna gegnir hver grein ákveðnu hlutverki og á til dæmis trúarbragðafræði að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og að líta á ólíkar trúarhefðir með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. „Sé gengið út frá því að allt uppeldisstarf sé viðhorfamótandi, hlýtur skólinn, með einum eða öðrum hætti að vera áhrifavaldur í trúarlegum eignum. Með þessari staðhæfingu er ekki verið að segja að skólinn eigi að vera framlenging á starfi kirkjunnar eða annarra trúfélaga. En skólanum er ætlað að miðla menningararfinum og stuðla að persónuþroska barnanna. Það hefur því áhrif með hverjum hætti hinum trúarlega þætti menningar og mannlegs lífs er sinnt – eða ekki – í skólanum” (Sigurður Pálsson 2001. Bls. 146-147). Kennslan má ekki vera áróður heldur þarf hún að vera kynning á helstu þáttum trúarinnar og passa að það sé farið í öll þau trúarbrögð sem eru iðkuð í bekknum svo engum finnist hann verða útundan. Ef trúarbrögð sem nemandi iðkar eru ekki í kennslubók þá er nauðsynlegt að kennarinn kynni sér þau trúarbrögð og kynni fyrir nemendum sínum. Enda finnst okkur að kennarar verði að þekkja alla þá siði og venjur sem tíðkast innan bekkjarins og skipa trúarbrögð þar stóran sess.

„Grunnskólalög kveða á um að skólinn skuli stuðla að alhliða þroska einstaklinganna og hlýtur trúarlegur þroski að vera þar á meðal. Trúarlegur þroski verður ekki nema með því að fást við trúarlega viðfangsefni. Skólanum er ekki ætlað trúboðshlutverk heldur er honum ætlað að miðla þekkingu og reynslu og auka skilning sem getur með öðru orðið grundvöllur að persónulegri afstöðu og stuðlað að umburðarlyndi í trúarlegum eignum” (Sigurður Pálsson. 2011. Bls. 147).

Kennarar og nemendur þurfa að bera virðingu fyrir sér og sinni trú til þess að geta verið umburðalyndir gagnvart öðrum og komist hjá fordómum, sem oft vakna við þekkingarleysi. Kennarinn þarf að hafa í huga að hann þarf að verja jafn miklum tíma í hver og ein trúarbrögð ásamt því að hafa kennsluna sambærilega í kennslu kristinfræði og annarra trúarbragða. Þó svo að við séum kristin þjóð þurfum við að þekkja önnur trúarbrögð líka til þess að komast hjá þekkingarleysi. „Eins og aðrar greinar sem fást við álitamál gerir þessi fræðsla miklar kröfur til kennara. Rétt eins og aðrir uppalendur miðlar kennari viðhorfum með veru sinni og áhuga eða áhugaleysi, engu síður en orðum. Grundvallarkrafan er staðgóð þekking, fordómaleysi og virðing fyrir viðfangsefninu, börnunum og heimilum þeirra. Hver svo sem afstaða kennarans sjálfs er, skiptir máli að hann viti hvar hann stendur sjálfur, það eykur öryggi í umræðum um ólík viðhorf” (Sigurður Pálsson. 2001. Bls. 148).

Margir eru þeirrar skoðunar og upp hefur komið sú tilgáta að almennir skólar eigi ekki að fjalla um trúarbrögð til þess að þóknast litlum hópi sem eru á móti því að börn þeirra læri um trúarbrögð heimsins. En við það skapast þó mikil hætta því ef að foreldrar eiga að kenna börnum sínum trúarbrögð heimsins gæti það orðið þannig að nemandinn lærir einungis þau trúarbrögð sem iðkað er á heimili hans. Þeir sem eru trúleysingjar læra þá ekkert um þessi efni (Gunnar J. Gunnarsson. 2005).

Toledo samningurinn var samþykktur á ráðstefnu sem haldin var í Toledo á Spáni sem fjallar um trúarbragðafræðslu í skólum. Þar er talað um mikilvægi trúarbragðafræðslu í opinberum skólum í Evrópu og mikilvægi þess að trúfrelsi sé virt. Helstu niðurstöðurnar frá ráðstefnunni eru eftirfarandi:

1. Þekking á trúarbrögðum getur aukið skilning á mikilvægi þess að virða frelsi allra til að ástunda sín trúarbrögð, hlúið að lýðræðislegri þátttöku í samfélaginu, hvatt til þess að sýna félagslegri fjölbreytni skilning og um leið að eflt félagslega samloðun.
2. Sé þekking á trúarbrögðum fyrir hendi getur það dregið úr átökum sem byggjast á skorti á skilning á trú annarra og stuðlað að virðingu fyrir réttindum þeirra.
3. Þekking á trúarbrögðum er ómissandi hluti hverrar gæðamenntunar. Hún verður að vera til staðar til að skapa skilning á miklum hluta sögu, bókmennta og lista auk þess sem hún stuðlar að aukinni menningarlegri víðsýni og skerpir

skilning manna á flóknum þáttum fortíðar og samtíma (Organisation for Security and Co-operation in Europe og Office for Democratic Institutions and Human Rights. 2007)

Þessar samþykktir leggja áherslu á mikilvægi trúarbragðafræðslu í skólum til þess að sporna við þekkingarleysi nemandans ásamt því sem sýnt er fram á mikilvægi trúfrelsis og að kennsla fari algjörlega fram án hlutdrægni. Því teljum við afar mikilvægt að trúarbragðakennsla verði í höndum skólanna til þess að nemendur fái almenna kynningu á trúarbrögðum sem eru í kringum þau, til að sporna við árekstrum þeirra í framtíðinni sem gætu stafað af þekkingarleysi. Trúariðkun landsmanna gæti einnig tengst menningu þeirra sem kemur fram í hefðum og siðum einstaklinga og því er nauðsynlegt að kynna nemendur fyrir helstu trúarbrögðum heims til þess að sporna við því að fólk lendi í menningarlegum árekstrum til dæmis í heimsóknum til annarra landa. Kennsla á að veita nemendum góða innsýn í heim annarra landa og koma í veg fyrir að nemendur verði uppfullir af fordómum sem oft myndast í gegnum fjölmiðla. Vanþekking er ávísun á fordóma.

4.1 Kennslulegar og fræðilegar forsendur trúarbragðafræðis

Gardner leggur mikið upp með það í fjölgreindakenningu sinni að það sé engin ein aðferð sem henti öllum nemendum eða öllum bekknum. Því getur verið mismunandi á milli einstaklinga eða milli hópa hvaða kennsluaðferðir henti best. En sama aðferðin þarf ekki að virka jafnvel á tvo mismunandi hópa eða einstaklinga. Einstaklingsmiðuð kennsla er alltaf að koma meira og meira inn í skóla landsins og því þarf að leyfa nemendum að fást við námsefnið á sínum eigin hraða eða eigin forsendum. Þannig eru ekki allir á sama stað í námsefninu og því er mikilvægt fyrir kennarann að vera tilbúinn að beita mismunandi kennsluaðferðum, og vera þá jafnvel með fleiri en eina kennsluaðferð í gangi í bekknum í einu. Reynsla okkar af skólagöngu er sú að kennsluaðferð sem flokkast undir minnisþjálfun er notuð mest en þá eru nemendur að vinna upp úr verkefnabókum, kennslan þarf að vera fjölbreyttari og reyna á fleiri

hæfileika nemandans. Með því kemur ríkari krafa á kennarann, sem þarf að hafa góða yfirsýn yfir hvern og einn nemenda og reyna að ögra honum með mismunandi námsefni.

Gardner flokkar fjölgreindir sínar í átta hluta samkvæmt kenningu sinni en þær eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkamans og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Hann telur að hver og einn einstaklingur hafi að minnsta kosti gott vald á einni af þessum greindum, en sumir hafa gott vald á fleiri greindum. Mikilvægt er að viðhalda þeirri greind sem nemendur hafa gott vald á og gera verkefni sem hæfa og þjálfa þá greind ásamt því að þjálfa upp fleiri greindir. Þar spilar kennarinn stórt hlutverk og þarf að passa að allir geti unnið þau verkefni sem í boði eru og henti þeirra þörfum og leikni (Armstrong, T. 2001).

„Nýjar heilarannsóknir sem gerðar voru í tengslum við mikilvægi tilfinningagreindar hafa sýnt fram á að tilfinningaleg reynsla getur stuðlað að námi hvort sem hún er fengin við raunverulegar aðstæður eða tilbúna eins og í leikferli“ (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006. bls. 8). Tilfinningagreind flokkast undir sjálfsþekkingargreind, en þar sýnir einstaklingurinn þekkingu á sínu eigin tilfinningalífi ásamt hæfni til þess að greina á milli tilfinninga og hans styrkleika og veikleika. Því er mikilvægt að nemendur geti notfært sér sína eigin reynslu og þekkingu við námið.

Ingvar Sigurgeirsson flokkar kennsluaðferðir í níu meginflokkum í bók sinni *Litróf kennsluaðferðanna* eftir skyldleika þeirra og markmiði en þær eiga að gera svipaðar kröfur til kennara og nemenda. Í rannsókn sem Ingvar gerði á kennsluháttum 10-12 ára nemenda kom í ljós að um 60% kennsluaðferða byggðust á því að „fara yfir“ námsbækurnar, vinna í vinnubók eða námshefti og lesa, spyrja og spjalla. Þá skiptast nemendur á að lesa kafla í námsefninu, kennarinn spyr þá út úr og leiðir þá til umræðna um námsefnið. Því var eitt af markmiðum Ingvars að taka saman helstu kennsluaðferðir og algengustu útgáfur þeirra og leiðbeina kennurum hvernig hægt er að notast við þær og beita þeim á fjölbreyttan hátt. Það á að hjálpa kennurum að búa til fjölbreyttar kennslustundir því nú til dags er krafan slík að ekki er stuðst við neina eina aðferð heldur eiga kennarar að nýta sér hinar ýmsu kennsluaðferðir til þess að ná til sem flestra nemenda (Ingvar Sigurgeirsson. 1999a).

Kennsla í gegnum leik er sú aðferð sem virkar fyrir allan hópinn og getur því hver og einn stuðst við sína eigin þekkingu og kunnáttu til þess að útfæra verkefni eftir sinni bestu getu. Flest allir nemendur hafa gaman að leikjum ásamt því þá bjóða þeir upp á fjölbreytileika í kennslu. Nám í gegnum leik getur aukið skilning og áhuga þeirra á námsefninu til muna (Ingvar Sigurgeirsson. 1999b). Því má draga þá ályktun að kennsla er krefjandi verkefni þar sem ná þarf til allra nemenda í bekknum og hafa þarf í huga fjölbreytni í hverri einustu kennslustund svo enginn verði út undan. Margar af aðferðum úr flokkun Gardners og Ingvars eru notaðar við úrvinnslu á verkefnum í kennsluleiðbeiningum og þar förum við inn á flest allar greindir sem Gardner setur fram ásamt því sem að notast við kennsluaðferðir úr flokkum Ingvars Sigurgeirssonar.

5 Kennsluleiðbeiningar

Með bókinni *Æðri máttur* fylgja kennsluleiðbeiningar sem eru nokkuð einfaldar í notkun. Uppbygging þeirra er þannig að farið verður yfir og lögð áhersla á þá þætti sem höfundum finnst mikilvægt að nemendur kynni sér með aðalnámskrá grunnskóla til hliðsjónar. Settar eru fram hugmyndir að nokkrum verkefnum ásamt upprifjunarverkefnum sem kennarar geta lagt fyrir nemendur sína til þess að dýpka skilning þeirra á efniinu enn betur. Einnig eru hugmyndir af kveikjum og hópskiptingu sem kennarar geta nýtt sér. Við gerð verkefnanna var mesta áherslan lögð á að kenna viðfangsefnið í gegnum leik sem útfæra má á marga skemmtilega vegu. Kennarar eins og aðrir eru oft hræddir við nýjungar og halda sér innan þægindarammans. Þeim getur fundist erfitt að nálgast viðfangsefnið úr annarri átt en þeir eru vanir og finnst oftast en ekki betra að kenna á svipaðan hátt og þeir lærðu sjálfir. Því verður vinnubókarkennsla oftast en ekki fyrir valinu (Lilja M. Jónsdóttir. 2002). Leiklist er sú kennsluaðferð sem hefur hingað til ekki verið notuð mikið í skólum landsins, en hún er alltaf að komast betur og betur inn í kennsluna nú til dags. Kostir leikja sem kennsluaðferð eru m.a. sú að þeir eru líklegri til að vekja áhuga nemenda, auk þess að skapa fjölbreytta möguleika í kennslu (Ingvar Sigurgeirsson. 1999b) en kennsla í formi leikja er ætluð til þess að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og samþætta uppeldis- og menntamarkmið eins og þau eru sett fram í 2. grein grunnskólalaga (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006). Hvert og eitt barn er ólíkt og með ólíkar þarfir og því er mikilvægt að nemendur fá að læra á sínum eigin forsendum við sitt áhugasvið og þar af leiðandi læra með þeirri aðferð sem hentar þeim best. Kennsla í gegnum leiklist bíður upp á marga möguleika fyrir nemendur og þar er unnið markvisst að því að efla ábyrgðarkennd þeirra, frumkvæði, sjálfstæði og umburðarlyndi um leið og þeim er gefið tækifæri á að afla sér þekkingar sem ýtir undir frumlega hugsun og sjálfstæð vinnubrögð (Anna Jepsen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006).

Kennsla trúarbragða í gegnum leik getur verið snúin en þó er hægt að vekja áhuga nemenda með ýmis konar verkefnum. Markmið okkar við gerð kennsluleiðbeininga var að kennari geti áttað sig á hvernig hægt er að gera trúarbragðakennslu

áhugaverða og skemmtilega með sem fjölbreyttustu aðferðum sem lærast í gegnum leik. Einnig finnst okkur mikilvægt að nemendur læri á sínum eigin forsendum og hafi áhuga og getu til þess að vinna þau verkefni sem lögð eru fyrir á sinn hátt þar sem þeir fá að velja, skapa og móta. En það reynir á skapandi hugsun nemandans sem hann fær í gegnum reynslu sína og þekkingu á tilteknu efni.

Hlutverk kennarans er því að vekja áhuga hjá nemendum á námsefninu ásamt því að leiðbeina þeim og virkja þau í sinni vinnu. Kennarar geta notast við kennsluleiðbeiningar að vild eða fengið hugmyndir úr þeim og útfæra svo á sinn hátt og eftir sínum kennsluaðferðum sem þeir telja að henti þeirra nemendahóp. Sú kennsluaðferð sem virkar á einn hóp þarf ekki endilega að virka jafn vel á næsta.

6 Niðurlag

Af þessu má draga þá ályktun að grunnskólar landsins beri ábyrgð á fræðslu nemenda í samfélagsgreinum og fellur trúarbragðafræðsla þar undir. Í aðalnámskrá grunnskólanna segir að samfélagsgreinum sé ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum á borð við réttlæti, þekkingu, frelsi, vináttu, virðingu og ábyrgð. Þar kemur einnig fram að markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar, viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Nemendur eiga að geta nálgast samfélagsleg og siðferðisleg álitamál með hjálp samræðna og láta afstöðu sína mótast af rökum. Nemendur eiga að tileinka sér réttisýni, gildismat og ábyrgð sem byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild. Þess vegna er mikilvægt að skólar landsins taki höndum saman og fylgi aðalnámskrá og leggi áherslu á kennslu trúarbragðafræða til þess að sporna við árekstrum og fordómum sem koma upp vegna vanþekkingar. Einnig telja höfundar mikilvægt að þeir kennarar sem hafa áhuga og þekkingu á trúarbragðafræðslu kenni þá grein til að miðla sinni þekkingu og reynslu til nemenda. Einnig teljum við nauðsynlegt að kennarar nýti þá tíma vel sem þeim er úthlutað því oft vill svo fara að þessir tímar séu nýttir í að klára önnur verkefni sem eru ókláruð í öðrum námsgreinum.

Við teljum að kennslubók okkar ásamt kennsluleiðbeiningum veiti nemendum, kennurum og öðru starfsfólki í skólum landsins innsýn inn í helstu trúarbrögð heims og hjálpi þeim að skilja menningu annarra einstaklinga sem búa jafnvel í sama samfélagi. Bókin er með kynningu á helstu trúarbrögðum heims og fer í gegnum helstu þætti hverrar trúar fyrir sig. Ásamt því gerir hún lesendum grein fyrir því hversu nauðsynlegt sé að þekkja og gera sér grein fyrir öðrum trúarbrögðum sem iðkuð eru í heiminum í dag. Það þarf að hafa í huga að þær myndir sem dregnar eru upp í fjölmiðlum af trúarbrögðum og menningarheimum nú til dags geti gefið okkur ranga mynd af raunveruleikanum og því er mikilvægt að fræðsla eigi sér stað af hlutleysi og af kennara sem opnar augun og vekur áhuga nemenda á viðfangsefninu

með áhugaverðum og skemmtilegum verkefnum.

Heimildaskrá

Greinargerð:

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2006). *Leiklist í kennslu: Handbók fyrir kennara*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Armstrong , T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni* (Erla Kristjánsdóttir, þýð). Reykjavík: JPV útgáfa.

Gunnar J. Gunnarsson. (2005, 17. febrúar). *Hvers vegna að kenna kristinfræði og trúarbragðafræði í grunnskólum? Erindi flutt á málþingi Kjalarnessprófastsdæmis um kennslu í kristnum fræðum*. Sótt af <http://www.kennslaogtru.is/index.php/greinar/ad-kenna-kristni-og-truarbragdafraedi-i-skolum> þann 28.03.2014.

Hagstofa Íslands. (2012). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996-2012*. Sótt af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9262> þann 24.03.2014.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999a). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999b). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: Æskan.

Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir, Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir og Guðrún Edda Káradóttir. (2009). *Trúarbragðakennsla í skólum*. Sótt af http://gudfraedi.is/system/files/gliman_6_10+.pdf þann 03.04 2014.

Organisation for Security and Co-operation in Europe (OSCE) og Office for Democratic Institutions and Human Rights (ODHIR). (2007). *Toledo Guiding Principles on*

Teaching about Religions and Beliefs in Public Schools. Sótt af <http://kennslaogtru.is/index.php/greinar/toledo-samthykktin> þann 27.03.2014.

Lilja M. Jónsdóttir. (2002). *Skapandi skólastarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Lög um grunnskóla 2008 nr.91/2008.

Mannréttindaskrifstofa Íslands. (2008). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*. Sótt af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/> þann 25.03.2014.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla. Greinasvið 2013*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/> þann 27.03.2014.

Sigurður Pálsson. (2001). *Börn og trú: af sjónarhóli sálarfræði, uppeldisfræði og guðgræði*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Sigurður Pálsson. (2007). *Trúarsannfæring og umburðarlyndi*. Sótt af <http://kennslaogtru.is/index.php/greinar/truarsannfaering-og-umburdarlyndi> þann 21.03.2014.

Sigurður Pálsson. (2011). *Uppeldisréttur*. Reykjavík: Pedagogos.

Kennslubók:

Ásatrúarfélagið (e.d.). Sótt af <http://asatru.is/> þann 19.03.2014.

Áttavitinn (e.d.). Sótt af <http://www.attavitinn.is/samfelagid/trumal> þann 20.03.2014.

Gunnar J. Gunnarsson. (1995). *Maðurinn og trúin*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hrund Hlöðversdóttir. (2008). *Trúarbrögðin okkar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Sigurður Ingi Ásgeirsson. (2004). *Búddhatrú: leiðin til nirvana*. Reykjavík:
Námsgagnastofnun.

Sigurður Ingi Ásgeirsson. (2005). *Hindúatrú: guð í mörgum myndum*. Reykjavík:
Námsgagnastofnun.

Sigurður Ingi Ásgeirsson. (2006). *Gyðingdómur: sáttmáli þjóðar*. Reykjavík:
Námsgagnastofnun.

Þorkell Ágúst Óttarsson. (2008). *Islam: að lúta vilja guðs*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Kennsluleiðbeiningar:

Sigurður Pálsson. (2001). *Börn og trú: af sjónarhóli sálarfræði, uppeldisfræði og guðgræði*.
Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Myndir í kennslubók:

Dietmar Temps. (2012, 26. desember). Myanmar, monks and novices. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/62845223@N00/9429510814/in/photolist-fnfH3E-5FnEdW-b3C4u2-ckP5fE-6TUp-4NAtf3-gnzDJ8-4Ggex4-dUwp7E-8bpqb-egd1nu-6UsWLU-7oQCDY-RgQVw-vLavD-7pJgEm-bR9ijx-9Zaqeg-dNPq5A-hakVJt-c244p1-exjvuo-WNff-e2XRLW-62W36B-5hDYun-fn1qFZ-p4Hw-dRErQ7-4prWBs-5c3zUu-62n8uu-fn1m8V-6UMDwf-7zyviy-kRRDNA-8EhFrw-dRExaC-3dk96k-4nQxW8-93SLfB-62pnN8-dUqNJT-cQNx69-dRyVSi-68p4y5-6cMMP-ko4vcT-iUCPSN-e17eNo-e2SdBa> þann 03.05.2014.

Eetu Immonen. (2009, 6. september). Höfði Flower Panorama. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/41823262@N05/3896183025/in/photolist-6WhXtp-5Waysk-9FghSB-2Zp4HC-6SvfFp-6a7Cz6-74Rglb-6afxpW-aCbTZY-74Rgb7-72aJ6s-4WzPRx-aC9fET-aCbUtW-aC9fSk-aCbUGW-aCbUxw-aC9g4k-aC9fnD-aC9fBD-aCbU6U-aCbUn9-aC9fHT-aCbUZ7-aCbV3W-5E3MJC-9uoXpU-bYhaDu-8wf7rR-dj4HED-dj4Z1i-dj4pGC-dj4rch-dj4HaY-dj4Vxm-dj4W4K-dj4qkD-87kAeL-6LVCM2-74NTcH-aCbUWu-aCbTUU-aCbTQy-aCbUMf-aCbUR1-aCbV8L-aC9gB2-877QCK-4AjX6x-4ENRDy-94qrPE> þann 03.05.2014.

Elroy Serrao. (2009, 15. febrúar). Little Buddha. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/enygmatic/3328785098/in/photolist-659TQw-5zGYZR-5sKyGV-mSfEHX-5zFwuP-5zMAyE-5zHbJx-5zMsYu-5zGiTK-5zH1bZ-5zLKZ5-5zEVgF-5zMCAW-5zLvzf-5zL9qf-fSJSQf-7bpqiP-fSKk3V-5zGxRn-5zHGTP-5zHehi-9FPapg-5zHdRZ-5zMn9y-5zKkpu-5zHfki-5zK7pW-5zLq17-5zMeZA-5zHa86-ekh8Hk-5zFh9a-5zMYHb-5zHGB6-5zHHLP-5zMcfU-5zFjNi-5zGZox-5zGyeD-5zMw3U-5sKypz-7Vb2Xh-5Zr7Z4-5YUBdc-pw6GZ-2irJ3r-fG3FTx-mpFbk8-7UkvVr-ayjDo-fSK78M/> þann 03.05.2014.

Krista Guenin. (2011, 26. mars). Spring wedding in Cambridge. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/kristaphoto/5665447986/in/photolist-9CCUiG-9CCTud-9CCVCq-9CA1FK-5ELcn7-9CCSnU-9CzXWz-65PQ2Y-3jQsA9-dYFrwf-6SSHFp-awM2KH-6SSHBk-9FYudu-9FKZBW-7WXGSC-7WXGVS-dYzKU8-dYFskW-dYzLkR-dYzLsv-dYFsQs-KgakN-6SSHKM-ecSmw5-32QnJ-5FegFh-9EJjb1-cyAGBh-dUYVku-9kkDFq-9kkDm9-39S2BR-cDMTRq-9Roc2Y-f8C2Ki-22CZA-381NnD-5AixmV-7WoaaG-jxtX35-cVga5-2zfgk-8YZG6C-4T5Poh-4T1AKa-4T1Ayg-4T1AAG-9khzYM-hANmEi-9kkEwS/> þann 03.05.2014.

Krista Guenin. (2013. 26. maí). Wedding at camp cody in Freedom, New Hampshire. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/26432031@N04/9358965785/in/photolist-fg29t4-fggop3-fg29G2-fggooA-fg29J8-fg29Kk-fg29sg-fggoKQ-fg29Nc-fggoy9-fggohS-fggoSh-fggoSo-fggod1-fg29AT-fg29B4-fg29kp-fggotf-fg29nR-fg29ne-fg29mg-fggosL-fggof9-6dAnvg-5Svamt-98ATty-98AUf7-98AUe5-98xJua-98ATXo-98ATVG-98ATrd-98xJFV-98ATs1-98ATxN-98xJzB-98ATUd-98xJyX-98AUaY-98xK6X-98ATF3-98ATAY-98xKpv-98AUg5-98ATkf-98AU49-98AUhC-98xKwz-98xKzg-98xKit-98xKnV> þann 03.05.2014.

Lyle Vincent. (2009, 17. júní). Swimming in the Ganges, Varanasi India. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/90095085@N00/3637934327/in/photolist-6xtn8D-dAScEN-8QJXo6-fznK5n-863FcD-9PXg1X-6xxxfg-7dQU2S-9E3qK2-hvwkBY-6Yb9CC-7wTVd-9cD2eu-4tjBUi-bARRYo-5gx5X-2cA5EH-4tjzY8-4tjCtc-6Y7b1g-4tjARP-9DVNAY-4tot2u-4tjDwn-hvx5WT-4tjL4-4EEU7-5KxSzG-4tjxMH-39XDye-DKafA-m9Rks-4yTUi8-hwcnpc-fKbARm-eum4zt-6eRh3H-7J6V8Q-dNXwFG-eVBfiC-5sSv79-5rzsZT-apBhPp-gX8nqX-bgpdMB-8rTnJ-5rDPTW-2CT7i-6vuBYz-39XrqR-4EDED> þann 03.05.2014.

Marsmetnn Tallahassee. (2011, 13. nóvember). The Temple mount. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/66309414@N04/6341137031/> þann 03.05.2014.

Rana Ossama. (2007, 27. nóvember). Fixing my hijab. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/11261145@N08/2113881040/in/photolist-4dNcbQ-pGK41-aqVBjQ-ehJPMU-5YSBgD-4uCVGr-bLgNs4-eX55vf-48Cb1p-49t9uH-6Maaou-rMJR5-4Z79D2-5hVezs-4p3vUH-bJQKKM-7gQZV7-5g6f12-7Fqt7B-5esfLu-7wNZsn-dnd3Mo-87fGGZ-6Maaos-84Weet-8vetVz-dXWpPN-6xJ6Fe-8Eu6nq-8qsrzE-hkdpVq-pQb7s-bLmoEr-owXaT-bagy2n-8qpF6a-8RVx6d-cuysAb-dD8da2-6Dp3pw-48Gy1o-48CbcD-4N191x-8DTuTU-4FcNpD-48Cwsr-6pJUik-49hGVL-8Gojnn-48Cx8B-9pkz5b> þann 03.05.2014.

Rudy. (2011, 22. júlí). Kneel. Sótt af: <https://www.flickr.com/photos/martinruddock/6061728048/> þann 03.05.2014.

Tim RT. (2014, 6. apríl). Airplane. Sótt af: <https://www.flickr.com/photos/tim-rt-photography/13924382703/> þann 03.05.2014.